



# Staðardagskrá 21 fyrir Borgarbyggð



Samþykkt í umhverfis- og landbúnaðarnefnd 10. febrúar 2010  
Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar 11. febrúar 2010

# Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit</b> .....	1
<b>Inngangur</b> .....	2
<b>Sveitarfélagið og grunnþjónusta</b> .....	3
Neysluvatn.....	4
Fráveitur.....	5
Sorphirða.....	5
Samgöngumál.....	6
Opinber innkaup.....	6
Framtíðarsýn.....	6
Verkefni.....	8
<b>Umhverfis- og skipulagsmál</b> .....	11
Skipulagsmál.....	11
Menningarminjar og saga.....	11
Náttúruvernd, mengun, ásýnd og umgengni.....	12
Framtíðarsýn.....	13
Verkefni.....	14
<b>Samfélagsmál</b> .....	16
Framtíðarsýn.....	18
Verkefni.....	19
<b>Auðlindir og atvinnumál</b> .....	22
Auðlindir og nýting þeirra.....	22
Framtíðarsýn.....	25
Verkefni.....	25
<b>Fylgiskjal 1 – Gildandi lög og reglugerðir</b> .....	28
Sveitarfélagið og grunnþjónusta.....	28
Umhverfis- og skipulagsmál.....	28
Samfélagsmál.....	29
Auðlindir og atvinnumál.....	29
<b>Fylgiskjal 2 – Verkefnalisti</b> .....	30
Sveitarfélagið og grunnþjónusta.....	30
Umhverfis- og skipulagsmál.....	30
Samfélagsmál.....	31
Auðlindir og atvinnumál.....	31

# Inngangur

Staðardagskrá 21 er velferðaráætlun sem öllum sveitarstjórnnum ber að gera, í samræmi við ályktun Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Ríó de Janeiro 1992. Þessi áætlun skal unnin í samráði við íbúa og hagsmunaaðila á hverju svæði og á hún að tryggja komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði. Með þessari áætlun er verið að vinna að framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið og leitast er við að svara þeirri spurningu hvernig íbúarnir og aðrir hagsmunaaðilar, vilja að sveitarfélagið þróist á næstu árum og áratugum.

Borgarbyggð er sveitarfélag sem varð til við sameiningu 13 sveitarfélaga í Borgarfjarðar-, Mýra- og Hnappadalssýslu, nú síðast þegar Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Borgarbyggð og Kolbeinsstaðahreppur sameinuðust árið 2006. Þessi sameining kallar á miklar breytingar á hinum eldri samfélögum og því nauðsynlegt að framtíðarsýn sameinaðs sveitarfélags sé sterk, ekki síst í gegnum Staðardagskrá 21.

Borgarbyggð eldri og Borgarfjarðarsveit höfðu sett sér staðardagskrá, Borgarbyggð árið 2002 og Borgarfjarðarsveit árið 2005. Óhætt er að fullyrða að í hvorugu sveitarfélaginu var staðardagskrá ráðandi við ákvarðanatöku og hefð eða reynsla til að nýta hana engin. Því er það skoðun umhverfis- og landbúnaðarnefndar að rétt sé að hafa fyrstu staðardagskrá fyrir sveitarfélagið einfalda – en ákveðna - til að byggja upp nauðsynlega virðingu fyrir notkun hennar. Á síðari stigum má bæta við málaflokkum og liðum undir hverjum málaflokki.

Áætlanir sem þessi þurfa að vera í stöðugri endurskoðun. Því leggur Umhverfis- og landbúnaðarnefnd ríka áherslu á að verkefnalistar séu hugsaðir til ársloka 2010. Endurskoða þarf þá og áætlunina í heild sinni að loknum næstu sveitarstjórnarkosningum.

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd minnir á Umhverfisstefnu Borgarbyggðar, sem samþykkt var í lok árs 2007, en ljóst er að Staðardagskrá 21 og Umhverfisstefnan vinna saman.

Í hverjum málaflokki er listi yfir verkefni sem vinna þarf á gildistíma skjalsins og eru þau í forgangsröð. Í fylgiskjali 1 er síðan sami listi yfir verkefni, þar sem tilgreint er hvenær eigi að ljúka hverju verkefni fyrir sig og hver sé ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd verksins.

## Sveitarfélagið og grunnþjónusta

Í sinni núverandi mynd varð Borgarbyggð til við sameiningu fjögurra sveitarfélaga samhliða sveitarstjórnarkosningum 2006. Sveitarfélagið nær yfir svæði sem áður tilheyrði Kolbeinsstaðahreppi, Hraunhreppi, Álftaneshreppi, Borgarnesbæ, Borgarhreppi, Stafholtstungnahreppi, Norðurárdalshreppi, Þverárhliðahreppi, Hvítársíðahreppi, Hálsasveit, Reykholtsdalshreppi, Lundarreykjadalshreppi og Andakílshreppi. Borgarbyggð er um 4850 km<sup>2</sup> að stærð og skráðir íbúar voru 3543 þann 1. desember 2009. Af þeim voru 1808 karlar og 1735 konur. 1955 bjuggu í Borgarnesi, 289 á Hvanneyri og 227 á Bifröst. Auk þessara staða eru minni þéttbýli í Reykholti, á Kleppjárnsreykjum, í Bæjarsveit og á Varmalandi.

Að jafnaði má gera ráð fyrir að umalsvert fleiri séu staðsettir í Borgarbyggð en skráðir eru, því töluvert mun vanta á að allir nemendur háskólanna á Bifröst og Hvanneyri skrái lögheimili í sveitarfélaginu þó þeir séu hér búsettir. Eins er mikill fjöldi sumarhúsa í sveitarfélaginu og sum þeirra mikið notuð allt árið um kring.

Þó sveitarfélagið sé ungt á svæðið sér mikla og merkilega sögu. Hér er sögusvið margra Íslendingasagna og á Sturlungaöld var hér ein helsta valdamiðstöð landsins. Borgarnes fékk löggildingu sem verslunarstaður þann 22. mars 1867 og er þannig einn af elstu verslunarstöðum landsins. Í Borgarnesi er einnig miðstöð opinberrar þjónustu fyrir sveitarfélagið og í mörgum tilfellum fyrir allt Vesturland.

Grunnþjónusta hins opinbera eða einkaaðila, þegar svo ber undir, er almennt í nokkuð góðu lagi í sveitarfélaginu. Hinsvegar má þar margt bæta. Sveitarfélagið hefur haft þá stefnu að halda eigin mannhaldi í lágmarki og boðið út eða gert samninga um rekstur umstalsverðs hlutar þeirrar þjónustu, sem því ber að inn að hendi samkvæmt lögum eða hefð. Orkuveita Reykjavíkur sér að mestu um veituþjónustu. Gámaþjónustan hf. um sorphirðu. HS-verktak um áhaldahúsvinnu o.s.frv.

Sveitarfélagið rekur 6 leikskóla og 4 grunnskóla. Í Borgarnesi er nýstofnaður menntaskóli og auk þess kennsla á framhaldsskólastigi bæði á Bifröst og Hvanneyri. Helsti vaxtarbroddur héraðsins um þessar mundir er hins vegar hröð uppbygging tveggja háskóla í sveitarfélaginu. Á Bifröst stunda nú 1010 nám og fjöldi skráðra íbúa í þorpinu hefur meira en fimmfaldast á tíu árum. Á Hvanneyri eru 229 nemendur og íbúum hefur fjölgað um u.þ.b helming á tíu árum.

Styrkur sveitarfélagsins hefur á síðustu árum verið gott atvinnuástand og hækkandi laun. Bágt atvinnuástand á landsvísi hefur á síðustu misserum einnig haft áhrif hér. Framtíðarhorfur sveitarfélagsins eru þó bjartar. Nálægð við stærsta markað landsins auðveldar atvinnuuppbyggingu, auk þess að náttúruauðlindir á borð við gott landbúnaðarland, mikla náttúrufegurð og hlunnindi eru íbúunum óneitanlega til hagsbóta. Miklar vegalengdir innan sveitarfélagsins, skortur á almenningssamgöngum og vegakerfi sem ekki uppfyllir þarfir nútímamannsins, eru hinsvegar nokkur dragbitur á framfarir í Borgarbyggð.

## Neysluvatn

Neysluvatni er oft skipt í tvennt eftir uppruna, það er grunnvatn og yfirborðsvatn. Æskilegra er talið að nota grunnvatn sem neysluvatn. Grunnvatn er sótt niður í jarðlög, þar sem það hefur oft runnið langar leiðir og hreinsast, auk þess sem efnainnihald er mjög stöðugt. Í Borgarbyggð er aðgengi að grunnvatni er misgott en neysluvatn er þó að langmestu leyti grunnvatn.

Reglulegar örveru- og efnamælingar eru gerðar á vatni þéttbýliskjarna. Samkvæmt reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn þurfa veitur sem þjónusta 50 íbúa eða fleiri og veitur sem þjónusta matvælaframleiðslu (s.s. kúabú) sérstakt starfsleyfi og reglubundið eftirlit einu sinni á ári. Allar vatnsveitur eiga að hafa innra eftirlit sem tekur til búnaðar, gæða og eftirlits með vatninu. Heilbrigðisfulltrúi fer með opinbera eftirlitið en eigandi vatnsveitu er ábyrgur fyrir gæðum vatnsins.

Í Borgarbyggð eru vatnsverndarsvæði víða við gróin hraun þar sem um mikla náttúru- fegurð er að ræða. Mikil ásókn er í að reisa frístundahús á slíkum stöðum og því nauðsynlegt að vatnsverndarsvæði séu vel skilgreind í skipulagi. Vatnsverndarsvæði skiptist í þrennt: 1) brunnsvæði (það sem er næst vatnsbólunni); 2) grannsvæði; 3) fjarsvæði. Lögum samkvæmt er brunnsvæðið algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.

Þó víða sé gnægð vatns í sveitarfélaginu, fer fjarri að byggð hafi verið valinn staður með tilliti til þess og því víða erfiðleikum bundið að afla nægs vatns. Orkuveita Reykjavíkur sér um rekstur vatnsveitna fyrir Borgarbyggð, þeirra helstar eru:

Borgarnesveita, sem fær vatn úr Grábrókarhrauni, neðan Bifrastar. Jafnframt fá vatnsveitur og bæir á leiðinni vatn úr sama vatnsbólunni. Með tilkomu þessarar veitu ætti því svæði að vera tryggt vatn til langs tíma.

Álftaneshreppsveitan fær vatn úr uppsprettum sem koma undan Hraundalshrauni og er þar gnægð af góðu vatni. Vatnsveita í Andakíl fær vatn úr vatnsbólunni í landi Syðstu-Fossa, sem kemur undan melum í mynni Skorradals og gefur það nokkra sekúndulíttra. Þar er nægjanlegt og gott vatn, en á mörkum merktis grann- og fjarsvæðis vatnsbólunna eru malarnámur og hefur ítrekað verið bent á hættuna sem stafar af malartekju og umferð og geymslu vinnuvéla í nágrenni við vatnsbólunnið.

Vatnsból Bæjarsveitar er í landi Varmalækjar, lind sem kemur fram í melbakka við Flóku. Þar er öruggt og gott vatn að talið er, en hins vegar hafa litlar ef nokkrar rannsóknir farið fram á því. Veitan þjónar bæjunum í Bæjarsveitinni, fyrir utan Þingnes, Árbakka og Fossatún. Auk þessa fær Stedji neysluvatn úr þessari veitu.

Erfitt hefur verið með neysluvatn víðast í Reykholtsdal. Vandamál hefur verið á Kleppjárnsreykjum þar sem erfiðlega hefur gengið að finna nægjanlega mikið af nothæfu, köldu vatni. Vatnsból Reykholts er í landi Breiðabólstaðar en safntankur vegna brunavarna fær vatn úr lindum í landi Hægindis. Sumarið 2005 var farið að geisla það til að hægt sé að nýta það sem neysluvatn. Ýmsar hugmyndir eru uppi um lausnir á vatnsöflun fyrir þorpinn og bæi í dalnum en ómögulegt að segja til um hvaða lausn verði valin.

Víða er vandamál með neysluvatn á þeim bæjum sem ekki tengjast veitum á vegum

sveitarfélagsins, t.d. á Mýrum, í Reykholtssdal, Flókadall og Lundarreykjadal. Öflugar lindir eða vatnsgæf jarðlög eru ýmist sjaldgæf eða skortir með öllu í byggð á þessum svæðum. Á Mýrum er mýrarauði auk þess til vandræða. Í Kolbeinsstaðahreppi eru allar veitur í einkaeigu, einnig nokkrar veitur í Hvítársíðu, Þverárhlið og Norðurárdalnum.

## **Fráveitur**

Staða fráveitumála í dreyfbylí telst nokkuð góð. Eftir mikið átak á undanförunum árum fer núorðið allt eða nánast allt skólþ í rotþrær. Sveitarfélagið skipuleggur tæmingu þeirra og er hver þró tæmd á þriggja ára fresti.

Í þéttbylí eru kröfur meiri og því vantar töluvert á að ástandið teljist nógu gott, en Orkuveita Reykjavíkur vinnur að uppbyggingu fráveitna og hreinsistöðva fyrir skólþ, í Borgarnesi, á Bifröst, á Varmalandi, í Reykholti og á Hvanneyri. Hönnun fráveitnanna er lokið og verða framkvæmdir hafnar á næstunni. Athuga þarf hvort ekki sé rétt að gera sambærilega samninga vegna Kleppjárnsreykja og stærstu frístundabyggða.

## **Sorphirða**

Frá upphafi árs 2006 er sveitarfélagið með samning við Gámabjónustu Vesturlands hf. um hirðingu úrgangs en sá samningur var gerður í kjölfar sameiginlegs útboðs sveitarfélaga í Borgarfirði og á Akranesi. Í þéttbylí er blandaður úrgangur sóttur að heimilum á tíu daga fresti. Á Hvanneyri er lífrænn úrgangur sóttur aðra hvora viku og sér Landbúnaðarháskólinn um það samkvæmt samningi við sveitarfélagið. Annars staðar í sveitarfélaginu þurfa íbúar að fara með sinn heimilisúrgang í gáma á gámasvæðum.

Heimilissorp er urðað á Fíflholtum og jarðgerð er á Hvanneyri, en í hana fer lífrænn úrgangur frá heimilum og mötuneytum á Hvanneyri. Vitað er að einhverjir íbúar stunda eigin jarðgerð með lífrænt sorp.

Grenndarstöðvar eru á 53 í sveitarfélaginu. Í Borgarnesi er aðal gámstöð sveitarfélagsins og þar er tekið á móti öllum úrgangsflokkum. Á flestum öðrum stöðum eru einungis gámar fyrir heimilisúrgang, en á Hvanneyri, í Reykholti, Bæjarsveit, Síðumúla, Kaldá og Valbjarnarvallarvegi eru járnagámar allan ársins hring og auk þess hluta úr ári við Bjarnadalsá, Háflæk, Högnastaði og Lunda eru þeir hluta úr ári. Timburgámar eru á gámasvæðum á Hvanneyri, í Reykholti, Bæjarsveit, við Síðumúla og Valbjarnarvallarveg og hluta úr ári við Bjarnadalsá, Háflæk, Högnastaði og Lunda. Á sumum verkstæðum í sveitarfélaginu er móttaka á rafgeymum, úrgangsolíu og spilliefnum. Sveitarfélagið hefur staðið fyrir brotjárnssöfnun.

Fyrirtæki skulu hafa sína eigin gáma undir úrgang og kosta leigu og losun þeirra.

Rúlluplast er sótt til lögbylíseigenda allt að fjórum sinnum á ári. Þá þjónustu þarf að panta á hverju hausti. Umsóknareyðublað er sent á öll heimilisföng í dreifbylí Borgarbyggðar.

Unnið er að nýju útboði á sorphirðu í sveitarfélaginu í samstarfi við Hvalfjarðarsveit og Akraneskaupstað. Gert ráð fyrir að nýr samningur taki gildi á miðju ári 2010. Í útboðsgögnum er stefnt að aukinni endurvinnslu, með innleiðingu tveggja tunnu kerfis.

Söfnun lífræns úrgangs, umfram þá söfnun sem á sér stað á Hvanneyri, biður hinsvegar þess að ákveðið verði hvernig vinnslu hans verði háttað í framtíðinni.

## **Samgöngumál**

Þjóðvegur 1 liggur í gegnum sveitarfélagið frá merkjum við Hvalfjarðarsveit og upp á Holtavörðuheiði að mörkum Strandasýslu. Hann liggur í gegnum Borgarnes og hefur sveitarstjórn lagt til við samgönguráðherra að hafnar verði rannsóknir á kostum þess að flytja hann út fyrir byggðina. Stofnvegir um sveitarfélagið eru vegur nr. 50 – Borgarfjarðarbraut og vegur 54 Ólafsvíkurleið. Aðrir vegir um sveitarfélagið eru nú kallaðir héraðsvegir og eru þeir mjög langir miðað við mörg önnur sveitarfélög. Ástand þeirra er víða mjög slæmt. Tenging við Suðurland er um Uxahryggi og er nú verið að byggja þann veg upp sem er tímabært. Unnið er að því að bæta veg um Arnarvatnsheiði, ekki síst til að auka nýtingu veiðivatna og fjallaskála. Þá liggur vegur um Kaldadal en hann er landsvegur.

Utan stofnvega eru fáir vegir með bundnu slitlagi og almennt eru malarvegir í lélegu ástandi. Í samvinnu við Vegagerð hefur verið unnið að tilraunaverkefnum með bundið slitlag á nokkrum vegum.

Einbreiðar brýr eru víða í sveitarfélaginu með tilheyrandi áhættu fyrir vegfarendur.

Reiðleiðir eru víða góðar en bæta þarf reiðleiðir meðfram vegum til að auka öryggi og merkja leiðir sem eru færar, einkum gamlar götur.

Almenningssamgöngur til og frá sveitarfélaginu eru takmarkaðar og dýrar. Vart er hægt að tala um almenningssamgöngur innan sveitarfélagsins.

Tilraun með strætisvagnaferðir milli Borgarnes og Reykjavíkur misheppnaðist. Mikilvægt er að sú tilraun verði gerð upp og reynt að greina ástæður þess að ekki tókst betur til.

Umdæmi Vegagerðarinnar eru þrjú í Borgarbyggð. Æskilegt væri að allt sveitarfélagið tilheyrði einu umdæmi hjá Vegagerðinni.

## **Opinber innkaup**

Til eru dæmi um að stofnanir sveitarfélagsins hafi reglur um vistvæn innkaup. Sveitarfélagið hefur ekki sett sér slíkar reglur fyrir utan reglur fyrir ráðhúsið, en ekki er farið að vinna eftir þeim. Gamla Borgarbyggð setti slíkar reglur árið 2000 en þeim var heldur ekki framfylgt. Ekki er vitað um mörg fyrirtæki sem hafa sett sér slíkar reglur en vaxandi hópur íbúa gætir að umhverfissjónarmiðum við innkaup sín.

## **Framtíðarsýn**

Samkvæmt umhverfisstefnu Borgarbyggðar sem samþykkt var þann 19. desember 2007 skal sveitarfélagið vera í fararbroddi meðal íslenskra sveitarfélaga í umhverfisstarfi. Fylgja skal í hvívetna ákvæðum laga og reglugerða um þennan málaflokk og sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku. Með því verði sveitarfélagið eftirsótt til búsetu sem fjölskylduvænt svæði með heilnæmu og aðlaðandi umhverfi. Þar verði þörfum núverandi kynslóðar mætt án þess að ganga á möguleika komandi kynslóða á að mæta

þörfum sínum.

Til að það megi verða þarf að tryggja vatnsvernd og að hreinsun skólps og sorpförgun sé til fyrirmyndar. Forsenda þess að svæði sé vænlegt til búsetu er að allir íbúar hafi aðgang að nægu, hreinu og ómengudu vatni, ómengudu umhverfi og góðri grunnþjónustu á hagstæðu verði.

Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu móta sér umhverfisstefnu og stefna á eins vistvænan rekstur og auðið er. M.a. með því að leitast við að nota endurnýjanlegar auðlindir í starfsemi sinni. Komið verður upp vistvænni innkaupastefnu, til að styrkja þessa viðleitni. Sveitarfélagið haldi grænt bókhald til að sannreyna hversu vel gengur að uppfylla þessa stefnu.

Mikilvægt er að litið sé á vatnsgjöful svæði sem auðlind og þau vernduð til að tryggja vatnsöflun í framtíðinni. Vatnsverndarsvæði þurfa að vera vel skilgreind í skipulagi. Vatnsvernd skal ætíð höfð í fyrirrúmi við gerð skipulagsáætlana og allar framkvæmdir. Til að tryggja enn betur verndun vatnsgjöflla svæða er æskilegt að íbúar séu ætíð meðvitaðir um gildi þess að eiga aðgang að nægu, hreinu og ómengudu vatni og nauðsyn vatnsverndar.

Skólp getur valdið alvarlegri mengun ef þess er ekki gætt að hreinsa það. Íbúar þurfa að vera meðvitaðir um hættu og kostnað sem af skólpi stafar og vita hvernig hver og einn getur dregið þar úr. Sveitarfélagið skal ávalt leita vistvænna leiða til að uppfylla lög og reglur um fráveitumál og helst að gera betur. Fyrirbyggja skal að mengandi efni berist í fráveituvatn og sjá til þess að útrásir í þéttbýli og rotþrær í dreifbýli uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til slíkra mannvirkja. Skipulag fráveitumála verði stöðugt í athugun með það að markmiði að finna þá staði þar sem úrbóta er þörf hverju sinni.

Sorphirða og sorpförgun kosta samfélagið mikið og á síðari árum hefur kostnaðurinn stöðugt aukist. Bæði vegna aukinna krafna um mengunarvarnir á urðunarstöðum og vegna þess að þrátt fyrir áróður og fræðslu eykst sorpmagnið frá hverjum og einum. Við svo búíð má ekki standa og leita verður leiða til að draga úr myndun úrgangs, í framleiðslu fyrirtækja, í verslun, í þjónustu og á heimilum. Áfram verður að beita fortölum og verslanir og framleiðendur hvattir til að hætta allri óþarfa notkun einnota umbúða, en jafnframt tryggt að íbúar og fyrirtæki greiða fullt verð fyrir förgun þess sorps sem frá þeim kemur.

Öll meðhöndlun sorps verði eins umhverfisvæn og frekast er kostur. Allt sorp verði flokkað og leitað leiða til að umbuna þeim sem flokka sitt sorp. Stefnt verður að endurnýtingu og endurvinnslu alls úrgangs sem unnt er að nýta, lífrænn úrgangur verði jarðgerður og magn úrgangs sem fer til urðunar því í algjöru lágmarki. Til að minnka enn slæm umhverfisáhrif sorpsins verði þar að auki leitað leiða til að endurvinna sem stærstan hluta úrgangsins innan sveitarfélagsins.

Samgöngur eru ein mikilvægasta grunnþjónusta samfélagsins. Til að minnka óæskileg umhverfisáhrif samgangna er mikilvægt að boðið sé uppá almenningsamgöngur og vegakerfið þannig hannað að megin leiðir séu eins stuttar og framast er unnt. Eins þarf að gæta þess að gæði veganna séu þannig að ekki valdi óþarfa sliti á ökutækjum. Til að stytta boðleiðir er rétt að sveitarfélagið taki að sér viðhald og lagningu héraðsvega með sérstökum samningi við samgönguráðuneytið.



Almenningssamgöngur verði á þann veg að fólk hafi raunverulegan kost á að velja þann ferðamáta til og frá sveitarfélaginu, sem og milli helstu svæða innan þess. Að allir héraðsvegir sveitarfélagsins verði með bundu slitlagi, eða á annan hátt tryggt að vegirnir séu ávalt fólksbílafærir. Allar brýr á stofn- og tengivegum innan sveitarfélagsins verði tvíbreiðar og vegatengingar innan héraðsins þannig skipulagðar að samgöngur innan héraðsins verði ekki óþarflega bensínfrekar.

Reiðvegum verði fjölgað og þeir sem fyrir eru bættir eftir þörfum.

## **Verkefni**

Frágangur vatnsbóla verði tryggður, þannig að mengun berist ekki í þau.

Komið verður á innra eftirliti með vatnsveitum í sveitarfélaginu.

Tryggt að verklag innan stjórnarsýslunnar sé á þann máta að ekki verði veitt leyfi til framkvæmda á grenndar- og fjarsvæðum núverandi eða líklegra vatnsbóla.

Verndun vatnsbóla verði tryggð með reglum og samningum við landeigendur.

Lokið verði við að safna upplýsingum hvar aðgengi er að vatni til slökkvistarfa. Jafnframt verði hugað að tækjabúnaði sem nýst geti við slökkvistörf.

Tryggt sé aðgengi að vatni til slökkvistarfa í sumarhúsabyggðum í sveitarfélaginu.

Gerð verði úttekt á ástandi drykkjarvatns á bæjum sem ekki tengjast vatnsveitum sveitarfélagsins og úrbætur skipulagðar.

Lögð verði ný vatnsveita í Reykholtssdal, sem þjóni Reykholti og Kleppjárnsreykjum auk sveitabæja.

Íbúar verði markvisst fræddir um gildi þess að fara vel með vatn og vatnsból.

Lokið verði við uppbyggingu fráveitna á þeim þéttbýlisstöðum sem Orkuveitan hefur tekið að sér að sinna.

Útbúin verði skrá um rothráer í sveitarfélaginu og mat lagt á ástand þeirra. Sé úrbóta þörf verði þær framkvæmdar án tafar.

Sérstök könnun verði gerð á ástandi fráveitumála á Kleppjárnsreykjum og stærstu frýstundabyggðum.

Leitað verður vistvænna leiða til að uppfylla lög og reglur um fráveitumál.

Sorphirðugjöld sveitarfélagsins standi undir þeim kostnaði sem hlýst af meðhöndlun og förgun úrgangs.

Sveitarfélagið vinni að úrgangsmálum í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Merkingar á gámasvæðum verði bættar og með því móti verði stuðlað að betri umgengni þar.

Útbúið verði veggspjald með upplýsingum um hvernig skuli flokka sorp og hvernig sé best að farga því. Spjaldinu verði dreift á öll heimili í sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið beiti sér fyrir minni notkun á einnota umbúðum.

Ungmennafélögum og öðrum félögum á svæðinu verði gefin kostur á að koma að söfnun endurvinnanlegs úrgangs í fjáröflunarskyni.

Íbúum og fyrirtækjum skal reglulega kynnt hvar móttaka spilliefna, raftækjaúrgangs ofl. fer fram.

Átak verði gert í að fjarlægja gamlar girðingar sem fallnar eru úr notkun. Þetta skal unnið í sem mestu samráði við Vegagerðina.

Boðið verði uppá meiri flokkun sorps á grenndarstöðvum.

Gámasvæði í sveitarfélaginu verði afgirt og starfsmaður sveitarfélagsins hafi reglulegt eftirlit með þeim.

Gerður verði samningur við eigendur gámasvæða og þau lagfærð. Manir, girðingar og gróður verði settur umhverfis gámasvæðin í dreifbýlinu eftir því sem við á.

Nú þegar verði hugað að því hvernig megi minnka lífrænt sorp til urðunar um 65% miðað við árið 1995 fyrir árið 2016. Líkt og sveitarfélaginu ber skylda til að gera. M.a. er ástæða til að hvetja og styðja íbúa til heimajarðgerðar.

Þjóðvegur 1 verði færður út úr Borgarnesi.

Að forgangsröðun við uppbyggingu Uxahryggjavegar verði breytt þannig að byrjað verði í Lundarreykjadal við Götuás.

Öryggisáttak við gerð reiðvega.

Brú verði byggð yfir Hvítá við Stafholtsey.

Hvítársíðuvegur verði lagður nær Hvítá í Síðumúlalandi í samræmi við aðalskipulag Hvítársíðuhrepps.

Sveitarfélagið kanni hvað aflaga fór í tilraun til að bjóða uppá strætisvagnasamgöngur til Reykjavíkur, með það að markmiði að taka aftur yfir stjórn almenningsamgangna. Jafnframt leiti það samninga við ríkið um þátttöku þess í kostnaði við þjóðhagslega hagkvæmar úrbætur á almenningsamgangnakerfinu.

Kynntir verði fyrir íbúum kostir þess að nota umhverfisvænar hreingerningarvörur.

Umhverfisvænar hreingerningarvörur verði notaðar við þrif í öllum byggingum sveitarfélagsins.

Haldin verði kynning fyrir ræstitækna sveitarfélagsins þar sem þeim verður kennt að nota umhverfisvænar hreingerningarvörur.

Við innkaup rekstrarvara verði valdar vörur sem eru merktar með viðurkenndu umhverfismerki.

Sveitarfélagið taki upp grænt bókhald.

Vörur fyrir allar stofnanir sveitarfélagsins verði keyptar í magninnkaupum.

Allar brýr í sveitarfélaginu verði tveggja akreina.



## Umhverfis- og skipulagsmál

Íbúar Borgarbyggðar hafa til þessa sloppið við eða að minnsta kosti komist nokkuð vel frá þeim umhverfisvandamálum sem hrjád hafa Íslendinga. Hér eru varla virkjanlegir fossar, ekki mengandi stóriðja, landið er víðast hvar allvel gróið og lítið um alvarlegt gróður- og jarðvegsrof. Góð staða umhverfismála hefur í för með sér hættu á að umhverfisvitund almennings þroskist ekki sem skyldi og umgengni við náttúruna verði ekki til fyrirmyndar. Því miður þarf ekki að leita lengi að dæmum um umhverfisspjöll, sem unnt hefði verið að komast hjá, með smá fyrirbyggju. Borgarbyggð er rómuð fyrir náttúrufegurð og hlýtur það að vera kappsmál öllum íbúum hennar að svo verði áfram.

Sveitarfélagið hefur sett sér metnaðarfulla umhverfisstefnu og vart þarf að hafa miklar áhyggjur af framtíðinni, ef farið verður eftir henni. Hinsvegar vantar töluvert á að tekið sé mið af henni við alla ákvarðanatöku í sveitarfélaginu. Auk umhverfisstefnu eru, fræðsla, skipulagsáætlanir og staðardagskrá 21 helstu verkfæri sveitarfélaga við stjórn umhverfismála. Helstu vandamál sveitarfélagsins í þeim málaflokkum sem fjallað er um í þessum kafla, stafa að stórum hluta af því að þessi atriði eru ekki í lagi. Það vantar aðalskipulag til að unnt sé að meta deiliskipulagstillögur og aðrar framkvæmdaáætlanir heildstætt. Og þó að stærstu sveitarfélögin sem sameinuðust, hafi bæði haft Staðardagskrá, hefur þeim ekki verið nægjanlega fylgt eftir.

### ***Skipulagsmál***

Með skipulagslögum sem tóku gildi 1. janúar 1998 er allt land skipulagsskylt og ábyrgð sveitarfélaga á málaflokknum aukin. Í árslok 2008 eiga öll sveitarfélög að hafa sett sér aðalskipulag. Í Borgarbyggð er til gamalt aðalskipulag fyrir Borgarnes og fleiri þéttbýlisstaði og fyrir sameiningu var samþykkt aðalskipulag fyrir Hvítársíðuhrepp. Unnið hafði verið að aðalskipulagi fyrir Borgarfjarðarsveit frá árinu 1999 en ekki náðist að klára það fyrir sameiningu. Í Kolbeinsstaðahreppi var vinna við aðalskipulag hafin fyrir sameiningu en frekar skammt á veg komin. Ekkert hafði verið unnið í aðalskipulagi fyrir dreifbýli Borgarbyggðar. Svæðisskipulag er í gildi fyrir allt land sveitarfélagsins nema það sem áður tilheyrið Kolbeinsstaðahreppi. Landlínur ehf hafa unnið aðalskipulag fyrir Borgarbyggð og verður það auglýst á útmánuðum 2010.

Í sveitarfélaginu hafa mörg svæði verið deiliskipulögð og veruleg vinna framkvæmdasviðs liggur í að deiliskipuleggja svæði og jarðir. Vegna þess að ekki hefur verið til aðalskipulag fyrir sveitarfélagið hefur það starf verið erfiðara og dýrara en ella og stóraukin hætta á skipulagsslysum.

### ***Menningarminjar og saga***

Svæðið sem nú heyrir undir Borgarbyggð á sér ríka sögu og menningararf. Sveitarfélagið þarf að byggja á því og ýmislegt hefur verið gert til þess á undanförunum árum, t.d. vinna sem miðar að því að búa til nýjan Gullhring fyrir ferðamenn. Mest af þeirri vinnu hefur

verið unnin í samstarfi við Snorrastofu, Sögufélag Borgarfjarðar, safnahús í Borgarnesi og Landnámssetrið. Ýmis rannsóknaverkefni eru í gangi í tengslum við söguna. m.a. svo kallað Reykholtswerkefni, sem ekki er eingöngu fornleifarannsókn, heldur þverfagleg rannsókn á miðaldamenningu Borgarfjarðar og þróun menningar, lífsskilyrða, atvinnuhátta og búsetuhátta í Borgarfirði fram til okkar daga.

Fornleifaskráning í sveitarfélaginu er komin nokkuð vel á veg. Margar merkar minjar eru í sveitarfélaginu og ná sagnir um þær langt aftur í aldir, s.s. á Borg, í Reykholti, Bæ, Heggstöðum og víðar. Undanfarnir ár hefur markvisst verið leitað að fornminjum í sveitarfélaginu, s.s. að hinum forna kaupstað á Hvítárvöllum, sem var einn af þremur helstu kaupstöðum landsins (hinir voru á Gásum og Eyrarbakka). Að þeirri leit standa Snorrastofa, Sagnfræðistofnun HÍ og Þjóðminjasafnið.

Sögusvið margra Íslendingasagna er á svæðinu. Söguheimur Norður Evrópu var kortlagður í Reykholti og Norðurlandþjóðir byggja sína elstu sögu á því sem ritað var í Reykholti.

Félag eldri borgara hefur verið virkt í örnefna- og sagnasöfnun í Borgarfjarðarsýslu og Búnaðarsamband Borgarfjarðar gaf út ritröðina Byggðir Borgarfjarðar. Þetta endurspeglar virkni og áhuga almennings. Þá hafa Snorrastofa og Landnámssetur staðið fyrir sagnakvöldum, þar sem fólk úr sveitinni hefur komið fram og sagt sögur. Landnámssetur hefur einnig fært upp tvö leikrit sem sækja efnivið í sagnasjóð. Mjög mikilvægt er að gera þetta og halda til haga þeim sögum sem sagðar eru.

## ***Náttúruvernd, mengun, ásjúnd og umgengni***

Náttúran er ein af helstu auðlindum Borgarbyggðar. Í sveitarfélaginu er margbrotið landslag og mikil og fjölbreytileg náttúrufergurð. Eftirfarandi friðlýst svæði eru að einhverju eða öllu leyti innan sveitarfélagsins: Geitland (11750 ha), Húsafellsskógur (440 ha), Hraunfossar, Barnafoss (39 ha), Grábrókargígur, Eldborg og fólkvangurinn Einkunnir (270 ha). Aðrar náttúruvinnur eru skv. náttúruvinnjaskrá þessar: Reykjadalssá frá ármótum árinna við Hvítá að Giljafossi, hverasvæði Deildartungu, Deildartunguhver ásamt hverahólum, hverirnir Vellir og Hægindakotshver ásamt nánasta umhverfi þeirra, Rauðsgil niður að Reykjadalssá, laug við eyðibýlið Suddu, Húsafell, Grábrókarhraun og Hreðavatn, Ferjubakkafloi og Ystatunga, Hjörsey og Straumfjörður, Borgarvogur, Langárós og utanverður Borgarfjörður, Löngufjörur, Barnaborgir, Barnaborgahraun, Gullborg, Gullborgarhraun, Gullborgarhellar, Rauðhál, Rauðhálsahraun, Eldborgarhraun og Syðri-Rauðamelskútur. Friðland blesgæsar er á Hvanneyri.

Við undirbúning náttúruverndaráætlunar 2004 - 2008 var bent á nokkur svæði innan Borgarbyggðar sem verð friðunar, s.s. Löngufjörur og aðliggjandi svæði á Mýrum, Reykjadalssá, Árhver og Rauðsgil, Ystutungugirðing og Húsafell og nágrenni. Sum þessara svæða eru nú þegar að einhverju leiti friðuð, en vinna að frekari friðun er ekki komin það langt að svæðin hafi ratað inn á lista þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013. Í sveitarfélaginu eru ýmis fleiri svæði er vert væri að skoða með verndun fyrir augum.

Mikið hefur verið unnið að uppbyggingu friðlýstra ferðamannastaða í Borgarbyggð á undanförunum árum með góðum stuðningi ýmissa styrktarsjóða.

Landvörður var í fyrsta skipti ráðinn á vegum Umhverfisstofnunar til að sinna friðlýstum svæðum í Borgarbyggð sumarið 2008. Þetta var tilraunaverkefni sem tókst vel og var endurtekið sumarið 2009. Útlit er fyrir að verkefnið haldi áfram og aukist frekar að umsvifum.. Þau svæði sem landvörður hefur sinnt eru Eldborg, Grábrók, Hraunfossar, Geitland og Húsafellsskógur.

Lítið er um verulega mengandi starfsemi á svæðinu, einna helst sjónmengun, en um staðbundna mengun getur verið að ræða í einhverjum tilfellum. Hinsvegar er veruleg umferð eftir þjóðvegum í sveitarfélaginu og vegna mikilla vegalengda innan þess og þess að almenningssamgöngur vantar, má gera ráð fyrir að íbúar sveitarfélagsins aki að meðaltali töluvert meira en sem nemur meðal akstri Íslendinga. Einnig er hættu á mengunarslysum af mörgu því sem íbúar Borgarbyggðar og gestir hennar taka sér fyrir hendur. Sem dæmi um slíkt má nefna malarnám, ýmislegt tengt landbúnaði, örtröð ferðamanna á vissum svæðum og ferðir vélknúinna ökutækja um viðkvæm svæði t.d. jöklaferðir.

Umgengni á lóðum og býlum í sveitarfélaginu er mjög misjöfn. Í sumum tilfellum er hún til fyrirmyndar en í öðrum tilfellum er henni verulega ábótavant. Undanfarin ár hefur verið efnt til hreinsunardaga í sveitarfélaginu og hefur það mælst vel fyrir meðal íbúa.

Mikil eftirsókn er eftir sumarhúsalóðum í sveitarfélaginu og eru birkiskógar vinsælastir sem slíkir. Í birkiskógum er að finna mjög fágæt plöntuvistkerfi og því eru þeir verndaðir samkvæmt náttúruverndarlögum og lögum um skógrækt. Auk þess er allt rjóðurhögg í birkiskógum tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Eitthvað hefur verið um að þessum lögum hafi ekki verið fylgt í hvívetna, en ástæða til þess að sveitarfélagið sýni í þessu efni sem öðrum, fyrirmyndar stjórnsýslu.

## **Framtíðarsýn**

Sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við gerð skipulagsáætlana og þannig stuðlað að skynsamlegri landnýtingu þar sem náttúra, menning og umhverfi fær að njóta sín og komið í veg fyrir umhverfisspjöll. Íbúum og öðrum hagsmunaaðilum sé ávalt tryggð raunveruleg aðkoma að gerð skipulags. Aðalskipulag móti ramma um þróun samfélagsins, þar sem hugsað er til hagsmuna heildarinnar. Deiliskipulagstillögur sem fela í sér breytingu á aðalskipulagi séu ávalt vel unnar og svo vel kynntar að ekki fari fram hjá neinum sem á annað borð fylgist með fréttum og tilkynningum. Þó skal ætíð gæta þess að skriffinnskan og kostnaðurinn sem skipulagsferli hefur í för með sér, verði ekki of hamlandi á framfarir.

Mannvirki verði ávalt staðsett og byggð þannig að rask, sjónmengun og önnur umhverfisspjöll, séu í lágmarki. Áhersla verði lögð á uppbyggingu útivistarsvæða og varðveislu náttúrulegra svæða í sveitarfélaginu. Tré og runnar verði gróðursett til prýði og til skjóls. Kappkostað verði að tryggja íbúum sveitarfélagsins snyrtilegt umhverfi til búsetu og útivistar, þar sem hverskonar mengun og rask er í lágmarki. T.d. verði þess gætt, við uppsetningu og endurnýjun götulýsingar, að ljósmengun utan svæðis verði í lágmarki. Til sé viðbragðsáætlun til að grípa til ef mengunarslys verður.

Sveitarfélagið leggur áherslu á verndun lífríkisins og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni.

Að sama skapi er lögð rík áhersla á verndun gróðurs, jarðvegs, vatnsfalla, sjávar, menningar og menningarminja. Þau svæði sem þarfnast verndar vegna sérstæðs náttúruvafars/ fuglalífs/ jarðmyndana verði varðveitt eftir bestu getu. Hér er sérstök ástæða til að vinna markvisst að verndun votlendis og villtra birkiskóga. Þess sé ætíð gætt að nýting náttúrunnar sé hófleg og raski eðlilegri framvindu vistkerfa sem minnst.

Miklar og fjölbreyttar menningarminjar finnast í Borgarbyggð. Mikilvægt er að huga að varðveislu þeirra, svo sem með viðhaldi gamalla bygginga og svæða. Bættari skráningu þeirra og bættu aðgengi að völdum svæðum. Einnig er mikilvægt að varðveita sögu svæðisins og miðla þeim fróðleik til íbúa og gesta, m.a. með reglulegri útgáfu fræðiritra.

Á Hvanneyri er hlutfall fólks með menntun á sviði umhverfismála, trúlega hærra en á öðrum þéttbýlisstöðum. Því hentar vel að staðurinn verði nokkurs konar „fyrirmyndarsamfélag“ hvað varðar umhverfismál og þar verði unnið með framúrstefnulegar hugmyndir um umhverfismál á landsvísu.

Sveitarfélagið mun stuðla að því að stjórnendur þess, starfsmenn og íbúar hafi greiðan aðgang að fræðslu um umhverfismál, sögu svæðisins, náttúru- og minjavernd. Nemendur á öllum skólastigum fái vandaða og stöðuga fræðslu á þessum sviðum. Markmið fræðslunnar fyrir stjórnendur og starfsmenn er að gera þá hæfari til að draga úr neikvæðum áhrifum sem starfsemi sveitarfélagsins kann að hafa á umhverfið, og til að stuðla að stöðugum úrbótum. Lögð verður áhersla á skoðanaskipti um umhverfismál og á greiða miðlun upplýsinga um stöðu umhverfismála innan sveitarfélagsins. Í þessum tilgangi mun sveitarfélagið fylgjast með framgangi einstakra umhverfisþátta og birta reglulega skýrslu um þróun þeirra.

## **Verkefni**

Áfram verði unnið að því að skrá heimildir eftir eldri íbúum sveitarfélagsins.

Skrá náttúru- og menningarminjar svæðisins og flokka eftir mikilvægi þeirra. Bæta aðgengi að völdum svæðum.

Fenginn verði hleðslumaður til að laga merkar vörður í sveitarfélaginu.

Stuðlað verði að verndun, skráningu og kynningu fornminja í sveitarfélaginu

Kannaðir verði möguleikar á að endurlífga forna menningarstaði innan sveitarfélagsins.

Göngu- og sagnaslóðir verði kortlagðar og gerðar sýnilegar í umhverfinu.

Útbúin verði örnefnakort þar sem helstu örnefni á svæðinu verði merkt inn.

Skapaðar verði aðstaður fyrir heimsóknir fræðimanna sem vinna að rannsóknum innan héraðsins.

Gerð verði úttekt á gömlum byggingum og varðveislugildi þeirra.

Ljúka þarf aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið, sem fyrst.

Gera auknar kröfur til þeirra sem vilja nýtt eða breytt skipulag.

Nýta fyrirliggjandi skipulagsgögn og lögbundna aðkomu sveitarfélagsins að skipulagsvinnu, sem virkt stjórnæki.

Að vinna hugmyndum sjálfbærs samfélags aukið fylgi.

Að sveitarfélagið efli eigin umhverfisvitund.

Í tengslum við gerð aðalskipulags verði unnið að greiningu vistkerfa og landslagsheilda svo taka megri rökstuddar ákvarðanir um náttúruvernd og landnýtingu.

Átak verði gert í að eyða mink í sveitarfélaginu og halda refastofninum í skefjum.

Fylgst verði með stofnstærð máva í sveitarfélaginu og gripið inni verði fjöldi þeirra of mikill.

Unnið verði að friðun áhugaverðra staða í anda náttúruverndaráætlunar.

Haldin verði árleg hreinsunarfari í sveitarfélaginu. Íbúar, fyrirtæki og félagasamtök verði virkjuð til samvinnu í því.

Íbúar sveitarfélagsins verði markvisst hvattir til að fegra umhverfi sitt.

Brotajárni og öðrum endurvinnanlegum úrgangi verði safnað reglulega í sveitum.

Útbúinn verði gátlisti sem íbúar geti notað til að meta ásyni í sínu nágrenni og tillögur um hvernig sé hægt að bæta ástandið. Þessum gátlista verði dreift til íbúa sveitarfélagsins og hann eigi við hjá fyrirtækjum, hjá einstaklingum, á sveitabæjum og í þéttbýliskjörnum á svæðinu.

Tryggt verði að gangandi fólk hafi aðgengi meðfram vötnum og ám í sveitarfélaginu.

Setja í aðalskipulag ákvæði um ásyni fyrirtækja, íbúðarhúsa og lóða og sveitabæja.

Markviss verndun votlendis, villtra skóga og annarra sérstæðra vistkerfa.

Nýta skipulagsáætlanir og aðrar afurðir skipulagsgerðar sem virkt stjórntæki.



# Samfélagsmál

Öll skólastig eru í sveitarfélaginu, frá leikskóla upp í háskóla. Sveitarfélagið rekur fimm leikskóla og þeim til viðbótar leikskóli á vegum Hjallastefnunar á Bifröst. Grunnskólar sveitarfélagsins eru þrír á fjórum starfsstöðvum. Auk þess sækja börn úr Kolbeinsstaðahreppi skóla í Eyja og Miklaholtshrepp, samkvæmt samningi sveitarfélaganna. Þá rekur sveitarfélagið tólmundaskóla í Borgarnesi. Í gildi er skólastefna Borgarfjarðar sem samþykkt var um mitt árið 2007. Sveitarfélagið er aðili að Menntaskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi, Fjölbautaskóla Vesturlands, Símenntunarstöð Vesturlands og á og rekur Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Háskólar í sveitarfélaginu eru Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst.

Hluti af grunn- og leikskólum sveitarfélagsins skarta Grænfananum auk áherslu á umhverfisfræðslu og útináms t.d. í anda þróunarverkefnisins Lesið í skóginn.

Sveitarfélagið er aðili að „Vistvernd í verki“ og miðlar fræðslu þannig, en einnig er m.a. mikil fræðsla á vegum ungmennafélaga og hestamannafélaga og mörg fræðsluerindi eru haldin í Snorrastofu undir yfirskriftinni „Fyrirlestrar í héraði“.

Íbúar sveitarfélagsins eiga kost á góðri heilsugæslu. Öflug heilsugæslustöð er í Borgarnesi og sjúkrahús er á Akranesi.

Sveitarfélagið hefur það á stefnu sinni að efla lýðheilsu og það hefur sett sér vímuvarnarstefnu. Í sveitarfélaginu er öflug íþróttastarfsemi hjá ungmennafélögunum og fá þau styrki frá sveitarfélaginu til starfsemi sinnar. Styrkir sveitarfélagsins til félagsstarfs voru áður að stórum hluta óbeinir í gegnum Sparisjóð Mýrasýslu og hafa félögin því mörg lent í fjárhagsvandráðum eftir að hans naut ekki lengur við. Mikilvægt er að sveitarfélagið marki sér nýja stefnu í stuðningi við íþrótt- og ungmennafélög til að tryggja áfram öflugt starf.

Sveitarfélagið rekur Íþróttahús í Borgarnesi, á Kleppjárnsreykjum og á Varmalandi. Stefnt er að frekari uppbyggingu íþróttahúss í Borgarnesi og ósk um slíkt hefur einnig komið frá íbúum á Hvanneyri og Bifröst. Ágætur íþróttavöllur er í Borgarnesi með aðstöðu fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir. Knattspyrnuvöllur er á Kleppjárnsreykjum og sparkvöllir í Borgarnesi, á Hvanneyri og á Bifröst. Allt skapar þetta góða aðstöðu til íþróttar. Auk þess eiga sum ungmennafélögin eigin velli. Sveitarfélagið á og rekur nokkrar sundlaugar og auk þess eru laugar í einkaeygu sumar opnar almenningi. Golfvöllir eru á Hamri, við Bifröst, í Húsafelli og í Nesi. Þeir eru allir í eigu félaga eða einkaaðila.

Fjölmörg félög eru starfandi í sveitarfélaginu og mikið starf sem tengist þeim. Má þar nefna búnaðarfélög og önnur starfsgreina og stéttarfélög, kvenfélög, alþjóðlega klúbba, ungmennafélög og sérgreinafélög s.s. hestamannafélög og golfklúbbar innan Ungmennasambands Borgarfjarðar, Bridgefélag Borgarfjarðar (sem er orðið það þriðja stærsta á landinu), félög aldraðra, danshópar, björgunarsveitir, stjórn mála flokkar, Skógræktarfélag Borgarfjarðar, Sögufélag Borgarfjarðar og Tónlistarfélag Borgarfjarðar svo nokkuð sé talið. Þá eru allmargir kórar á svæðinu, við kirkjurnar í sveitarfélaginu og einnig samkór, kvennakór, karlakór og kammerkór.

Starfsemi þessara félaga er mjög fjölbreytt og framboð á afþreyingu af hálfu þessara aðila er mjög mikið allt árið um kring. Mörg þessara félaga fá styrki frá sveitarfélaginu, ýmist reglulega eða til sérstakra verkefna.

Ýmsir menningarviðburðir eru haldnar á hverju ári. Kórar héraðsins eru margir og þykja góðir. Áhugaleiklistarstarf er öflugt og eru leikrit sett upp alla vetur. Auk þess bíður Landnámssetrið núorði uppá atvinnuleikhús í Borgarnesi.

Börn og ungmenni (0-20 ára) í Borgarbyggð eru 1185 talsins, eða 32% af íbúafjölda. Er þá miðað við tölur frá Hagstofunni 1.10.2007. Sveitarfélagið sinnir þörfum þeirra fyrir leikskólavist frá 18 mánaða aldri (reyndar 12 mánaða aldri á Hvanneyri og Bifröst). Þjónusta dagforeldra er niðurgreidd af sveitarfélaginu en framboð þeirrar þjónustu hefur oft verið of lítið. Ágæt aðstaða er í grunnskólum sveitarfélagsins. Auk grunn og leikskóla rekur sveitarfélagið Tónlistarskóla Borgarfjarðar og vinnuskóla fyrir 13-16 ára á sumrin. Haustið 2007 tók til starfa menntaskóli Borgarfjarðar og fyrir voru í sveitarfélaginu grunngreinadeild á Bifröst og strafs-menntabraut á Hvanneyri, sem báðar starfa á framhaldskólastigi, en eru báðar ætlaðar fólki sem náð hefur fullorðinsaldri. Ágæt aðstaða er fyrir íþróttastarf og félagsaðstaða fyrir ungmenni er í Borgarnesi, á Bifröst, á Varmalandi á Kleppjansreykju og Hvanneyri. Vegna háskólanna tveggja er alltaf mikið um að börn úr öðrum sveitarfélögum sækji nám í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins.

Grunnskólarnir bjóða allir upp á hadegismat og sumir þeirra einnig upp á morgunverð eða aðra hressingu. Akstur er til og frá skóla í dreifbýli og hluta Borgarness. Í Borgarnesi er rekinn Tómskundarskóli fyrir yngstu grunnskólabörnin eftir að hefðbundnum skóladegi líkur.

Félagsmiðstöðin Mímir er netkaffi og menningarhús 16-25 ára ungmenna og halda ungmennin sjálf utan um starfsemina. Þar er “opið hús” tvö virk kvöld í viku, auk þess sem spilahópur hittist þar 2 kvöld í viku. Þar er m.a. sjónvarp, vídeó, pílukast og billjardborð. Ungmennin standa jafnframt að margskonar menningar- og fræðslukvöldum.

Það háir barna- og unglingastarfi nokkuð hvað byggð í sveitarfélaginu er dreifð og að ekki sé boðið upp á almenningssamgöngur.

Í daglegu tali teljast þeir sem náð hafa 67 ára aldri til “eldri borgara”. Í október 2007 bjuggu alls 416 einstaklingar, 67 ára og eldri, í Borgarbyggð. Er það rúmlega 11% af heildaríbúafjölda sveitarfélagsins. Fjölskyldusvið Borgarbyggðar annast þjónustu við aldraðra. Það er stefna sveitarfélagsins að gera öldruðum kleyft að búa eins lengi og hægt er á eigin heimili og veita þeim þar þjónustu eins og reglur sveitarfélagsins segja til um. Þessar reglur gilda að sjálfsögðu um allt sveitarfélagið en aðstaða til að annast um eldri borgara er einungis í Borgarnesi. Þar er að finna bæði þjónustuíbúðir og dvalarheimili aldraðra. Flestar þjónustuíbúðirnar eru í einkaeigu. Mikil ásókn er í þessar íbúðir. Búseti hefur óskað eftir að hefja uppbyggingu íbúða fyrir 55 ára og eldri.

DAB er sjálfseignarstofnun í eigu þriggja sveitarfélaga. Hvert þeirra skipar einn í stjórn DAB. Byggt verður við heimilið og öðrum álmum beytt þannig að hlutverk þess verði að mestu að sinna um þá sem þurfa á hjúkrunarrými að halda.

Skipulagt félagsstarf aldraðra er til húsa að Borgarbraut 65a og er það staðsett í þjónusturýminu á jarðhæðinni sem er í eigu sveitarfélagsins. Félagsstarfið er nú opið allt árið.

Þá stendur félag aldraðra í Borgarfjarðardölum fyrir vikulegum fundum í Brún í Bæjarsveit.

Félög aldraðra hafa haft mjög fjölbreytta starfsemi og verið mjög virk. Félagar hafa safnað fróðleik um fólk, störf, örnefni, gamlar sögur, ferðalög o.fl. auk þess að standa m.a. fyrir sýningum um gamla starfshætti.

## **Framtíðarsýn**

Þekking og góð almenn menntun er grunnur að framförum og forsenda sjálfbærrar þróunar. Aukin menntun og fræðsla á sviði umhverfismála gegnir þar veigamiklu hlutverki, því þar virðist skóinn helst kreppa á Íslandi um þessar mundir. Aukin þekking á umhverfinu leiðir af sér auknar líkur á að maðurinn beri tilhlýðilega virðingu fyrir náttúrunni. Með umhverfismennt er stefnt að því að einstaklingar öðlist þekkingu og skilning á náttúrunni og umhverfi sínu. Vinnuskólinn verði markvisst nýttur til að auka þekkingu ungmenna á umhverfismálum. Umhverfismennt er ekki bundin við skóla og uppeldisstofnanir. Fullorðinsfræðsla og uppeldi á heimilum er ekki síður mikilvægur þáttur. Í umhverfisstefnu Borgarfjarðar kemur fram að sveitarfélagið muni stuðla að því að stjórnendur þess, starfsmenn og íbúar hafi greiðan aðgang að fræðslu um umhverfismál. Nemendur á öllum skólastigum fái vandaða og stöðuga fræðslu á þessu sviði.

Sjálfbært samfélag hugar að velferð borgaranna, frá vöggju til grafar. Það er hlutverk sveitarfélagsins að sjá til þess að framboð menntunar, heilsugæslu, félagslegrar þjónustu og dægradvalar sé fjölbreytt, öllum aðgengilegt og allir geti fundið eitthvað fyrir sig. Á þetta reynir fyrst og fremst fyrir elstu og yngstu aldurshópana. Fullorðið fólk með fulla starfsgetu, getur yfirleitt að mestu séð um sig sjálft.

Tryggja þarf öruggt og gefandi umhverfi fyrir börn og unglunga. M.a. með því að; auka möguleika foreldra og unglunga á samveru. Leggja áherslu á forvarnir í skólum sveitarfélagsins. Efla enn og bæta skólastarf í sveitarfélaginu og auka samvinnu skólanna við frjáls félagasamtök, sem halda uppi ungliðastarfi, eða hafa áhuga á að hefja slíkt starf.

Mikilvægt er að tólmstundastarf fyrir börn og ungmenni sé fjölbreytt og koma í veg fyrir að dreyfð byggð hamli barna- og unglungastarfi. Koma þarf á almenningssamgöngum til að auka ferða- og athafnafrelsi ungmenna og stuðla þannig að auknum samskiptum barna og ungmenna í dreifbýli og þéttbýli.

Hlutverk barna og ungmenna í mótun sjálfbærs samfélags er stórt, eins og á var bent á Ríó-ráðstefnunni 1992. Mikilvægt er að haft sé samráð við börn og ungmenni um málefni sem varðar þau sérstaklega og þeim sé ljóst að þau eiga val um að móta umhverfið á þann hátt að það veiti þeim viðunandi lífsskilyrði í framtíðinni.

Hugmyndaflug þeirra er mikilvægt við að leysa þau umhverfis og samfélagsvandamál sem stöðugt koma fram. Það er samfélaginu nauðsynlegt að fræða ungmenni um kosti þess að taka þátt í mótun samfélagsins og kenna þeim lýðræðislega vinnubrögð. Í býgerð er samstarfsverkefni grunnskólanna í Borgarfjarðarbyggð, UMSB og UMFÍ um þróun námsefnis á þessu sviði og mikilvægt að hrinda því af stað.

Aukinn skilningur á sögu samfélagsins er önnur grundvallarforsenda sjálfbærrar þróunar, þó erfitt sé að læra af mistökum annarra er getan til þess, það sem skilur manninn frá

öðrum dýrum. Ein leið til að ná þessu markmiði er að koma á auknum tengslum eldri borgara við börn og unglunga.

Velmegun, aukin ævilengd og bætt lýðheilsa fjölgar þeim eldri borgurum sem búið geta heima, með lítilli hjálp. Einnig fjölgar þeim sem mikla þjónustu þurfa. Þjónusta við aldraða skal miða að því að gera fólki kleyft að búa í eigin húsnæði eins lengi og kostur er, en eiga þó aðgang að tryggri þjónustu og öryggi. Til þess þarf að fjölga þjónustuíbúðum og tvímælalaust hlutverk sveitarfélagsins að stuðla að því t.d. í samvinnu við Búseta eða önnur félög. Einnig þarf að tryggja þeim sem meiri þjónustu þurfa notalegt og áhyggjulaust ævikvöld. Aðbúnaður íbúa dvalarheimilisins skal ætíð vera eins og best gerist hér á landi.

Það er ekki hlutverk lýðræðislega kjörinna fulltrúa að stjórna fólki, heldur að framkvæma vilja þess, eftir því sem gerlegt þykir. Því er felur sjálfbær þróun í sér að samráð verði ávalt haft við eldri borgara um þeirra mál, bæði í gegnum eldri borgararáð og félög þeirra.

Lýðræðislegt samfélag byggir á félagsvirkni íbúanna. Sveitarfélagið skal markvisst styðja og efla það félagsstarf sem þrífst innan þess. Fjárhagsstuðningur skal vera rausnarlegur og úthlutað með markvissum hætti. Þjónustusamningar eru ein leið til að tryggja markvissa notkun opinbers stuðnings. Gefa skal félögum tækifæri til að kynna starfsemi sína innan grunnskólanna.

Áhersla skal lögð á að efla stuðning við barna og ungmennastarf félaganna og eflingu lýðheilsu. Það skal þó ekki gera á kostnað annars félagsstarfs.

## **Verkefni**

Sveitarfélagið setji sér stefnu í málefnum lýðheilsu og taki virkan þátt í átaksverkefnum á því sviði.

Hvatt verði til þess að sú íþróttastaða sem til er, verði nýtt betur fyrir alla aldurshópa í sveitarfélaginu.

Hvatt verði til stofnunar gönguhópa, því verði m.a. beint til félags aldraðra, starfsmannafélaga, nemendafélaga og fl.

Fyrirtæki og stofnanir verði hvött til að greiða niður heilsukort fyrir starfsmenn. Íbúar verði hvattir til að nýta sér þessa aðstöðu og niðurgreiðslur fyrirtækja.

Sérmenntað starfsfólk verði fengið til að koma að fræðslu vegna vímuvarna o.fl.

Fyrirtæki verði hvött til að umbuna þeim sem koma gangandi eða hjólandi í vinnunna.

Íbúum verði kynntur réttur þeirra til félagslegrar þjónustu.

Safnaðarstarf og heimsóknþjónusta verði eflað í sóknum í sveitarfélaginu.

Viðhald íþróttamannvirkja á vegum sveitarfélagsins verði bætt.

Íþróttastaða verði byggð upp á Hvanneyri og á Bifröst.

Átak verði gert í að fá unglunga til liðs við félög á svæðinu.

Íbúar verði upplýstir um hvaða leiðir eru færar til að koma skoðunum á framfæri við yfirvöld sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn haldi reglulega íbúafundi um málefni sveitarfélagsins.

Kynna fyrir íbúum hvað er í boði í sveitarfélaginu með útgáfu íbúahandbókar, bæklingum og fréttabréfi Borgarbyggðar.

Koma á samverustundum barna og eldri borgara til að miðla fræðslu á milli þessara aldurshópa.

Sveitarfélagið og skólayfirvöld leiti samráðs við börn og ungmenni um málefni er varða þau sérstaklega

Samstarf foreldra, skóla og frjálsra félagasamtaka verði aukið og eflt.

Leitað leiða til að koma á almenningssamgöngum innan sveitarfélagsins.

Efla þjónustu bókasafna við börn og ungmenni og auka möguleika þeirra til annarra andlegra íþróttaiðkana

Vinna markvisst að forvörnum.

Að skapa réttan grundvöll fyrir útrás og athafnaþrá.

Tómstundaskólar verði stofnaðir í tengslum við starfstöðvar grunnskóla sveitarfélagsins

Í grunnskólanum verði börnin virkjuð til útiveru, m.a. með útileikjum o.fl.

Lögð verði áhersa á útikennslu og nám á vettvangi.

Haldin verði foreldranámskeið um uppeldi og agamál.

Allir grunn- og leikskólar gerist aðilar að verkefninu um Grænfánann.

Fréttabréf Borgarbyggðar verði nýtt til að koma fræðslu á framfæri. Einnig verði heimasíða sveitarfélagsins nýtt í sama tilgangi.

Samstarf milli leikskóla sveitarfélagsins verði aukið.

Komið verði á samstarfi við háskólana, þar sem útbúin verði almenn fræðslunámskeið sem nýtast almenningi.

Kannaðir verði möguleikar á að koma upp skólagörðum í tengslum við grunnskólana.

Tryggt verði aðgengi að dagvistun fyrir börn frá 9 mánaða aldri. Fyrst hjá dagforeldrum og leikskólaláss frá 12 mánaða aldri.

Leitað verði leiða til að koma á gjaldfrjálsum leikskóla.

Sveitarfélagið styrki einstæða foreldra þannig að þeir geti verið heima fyrstu 9 mánuði barnsins.

Stuðlað verði að uppbyggingu iðnnáms í héraðinu.

Stuðlað verði að jöfnum möguleikum íbúa sveitarfélagsins til náms, borið saman við íbúa í öðrum sveitarfélögum.

Komið verði á faglegri samræmingu milli leikskóla og grunnskóla sveitarfélagsins og þeir verði sem eitt skólastig.

Að byggja upp heimaþjónustu við aldraða í samvinnu við heilsugæslustöðina.

Skipuleggja lóðir undir þjónustuíbúðir aldraðra og búseta.

Sveitarfélagið og heilbrigðisyfirvöld leiti samráðs eldri borgara um málefni er varða þau sérstaklega.

# Auðlindir og atvinnumál

## **Auðlindir og nýting þeirra**

Borgarbyggð er rík af auðlindum og skapast miklar tekjur af nýtingu þeirra. Skilyrði til landbúnaðar eru góð. Virkjanlegur jarðhiti er töluverður, jarðefni víða að finna og veiðihlunnindi í fersku vatni hvergi meiri á Íslandi. Héraðið er auk þess rómað fyrir náttúrufegurð og þar af leiðandi vinsælt meðal ferðamanna, a.m.k. íslenskra ferðamanna. Atvinnulíf er fjölbreytt og launaþróun undanfarinna ár verið íbúum hagstæð. Er nú svo komið að sveitarfélagið telst varla láglaunasvæði lengur. Að mestu eru þau vandamál sem atvinnulíf Borgarbyggðar á við að etja, þau sömu og annarsstaðar á landinu. Svo sem launamundur kynjanna og skekk hlutföll kynja í stjórnunarstöðum.

### Landbúnaður og landgæði:

Skilyrði til landbúnaðar eru með því besta sem gerist hér á landi. Víðast hvar í Borgarbyggð er auðvelt að finna ræktanlegt land, enda undirlendi mikið. Oftar en ekki þarf þó að ræsa fram land til ræktunar og eru mýrar í súrara lagi, samanborið við það sem almennt er á Íslandi. Loftslagt er milt og skilyrði til kornræktar og annarrar viðkvæmrar ræktunar þar af leiðandi nokkuð góð á íslenskan mælikvarða.

Beitilönd fyrir sauðfé og hross eru víðáttumikil, þó víða séu þau orðin rýr og sumstaðar jafnvel illa farin af óskípulagðri notkun í gegnum aldirnar. Nánast allt sveitarfélagið, að frátöldum afréttum sem liggja að jökulum, fékk góða einkunn hvað varðar gróðurfar og jarðvegsrof í könnun Landgræðslu ríkisins og Rala (Ólafur Arnalds ofl. 1997).

Jarðhita er víða að finna og er hann nýttur til ylræktar. Mikið hefur fækkað í stétt ylræktarbænda, en enn eru í héraðinu nokkur öflug býli.

Skógræktarskilyrði eru víðast hvar á láglandi með því besta sem gerist hér á landi og þó víðar væri leitað. Ræktun barrskóga hófst í héraðinu fyrir rúmum 70 árum (15. maí 1938) og er því komin mikil reynsla af ræktun flestra þeirra tegunda sem nýttar eru í skógrækt á Íslandi. Í ljós hefur komið að hér í héraði má rækta skóg með öllum þeim tegundum sem notaðar eru að einhverju ráði hér á landi, nema rússalerki ætti eingöngu að nota í innsveitum. Vöxtur er hér sambærilegur við það sem best gerist á svipaðri breiddargráðu á Norðurlöndunum og timburgæði góð, ef rétt er að ræktuninni staðið.

Í áratugi hefur landbúnaður verið sú atvinnugrein sem skapar flestum vinnu, en á undanförunum árum hefur hann dregist saman. Iðnaður, ekki síst byggingariðnaður hefur vaxið verulega á svæðinu, þó þróun undanfarinna missera hafi verið í gagnstæða átt. Ferðaþjónustan er hinsvegar í stöðugri sókn. Einnig er rétt að taka fram að störfum í þjónustu við landbúnað fjölgað með aukinni uppbyggingu Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og flutningi stofnana sem tengjast landbúnaði inn á svæðið.

### Jarðhiti:

Jarðhiti er þó nokkur á svæðinu. Mestur er jarðhitinn í Stafholtstungum, í Reykholtssdal, í Hálsasveit, í Bæjarsveit og efst í Lundareykjadal. Þá hefur tekist ágætlega til við borun eftir vatni í Norðurárdal og á fleiri stöðum. Jarðhiti finnst m.a. á Snorrastöðum, Syðri-Rauðamel og Landbrotum í Kolbeinsstaðahreppi.

Heita vatnið er víða notað til húshitunar og flest heimili í sveitarfélaginu hitað með hitaveituvatni. Einnig er vatnið notað til ylraektar og í sundlaugar. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar var stofnuð á 8. áratugnum og lögð leiðsla frá Deildartungu út á Akranes og í Borgarnes. Þessi veita er nú rekin af Orkuveitu Reykjavíkur. Margir bæir í sveitarfélaginu eru tengdir þessari hitaveitu bæði sunnan Hvítár og bæir í gamla Borgarhreppi. Stór svæði njóta ekki hitaveitu s.s Mýrarnar og flestir bæir í Kolbeinsstaðahreppi.

Vegna mikillar uppbyggingar á svæði HAB verður að ráðast í ferkari vatnsöflun fyrir fyrtækið á næstu árum.

#### Virkjanleg fallvötn:

Í Andakílsá er 8,4 MW virkjun í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Einnig er eitthvað um smærri virkjanir í eigu landeigenda á hverjum stað. Helstu virkjanakostir eru í Hvítá, en þar mætti ná rúmlega 40 MW afli í tveimur virkjunum.

#### Námur:

Mjög víða í sveitarfélaginu eru námur. Margar þeirra eru í notkun en jafnframt eru þó nokkrar sem hefur verið gengið frá. Huga þarf betur að þeim reglum sem um malarnám gilda. Þó malarnám í sveitarfélaginu sé víða frekar aðgengilegt á það ekki við á öllum svæðum svo sem á Mýrum. Margar námur eru merktar á svæðisskipulagi fyrir sveitarfélagið. Á nokkrum stöðum er efni tekið úr ám, en gæta þarf þess að rétt sé að verki staðið í slíkum tilfellum.

Ekki hefur verið leitað skipulega að hagnýtum jarðefnum á svæðinu en hins vegar er víða í sveitarfélaginu að finna efni sem hentar í neðri burðarlög vega en minna er um efni í efri burðarlög og bundið slitlag. Steypumöl er tekin á nokkrum stöðum og aðal verðmætin eru í þeim námum.

Sveitarfélagið hefur ekki sett skilyrði um við hvaða stærðarmörk á námum þurfi leyfi fyrir.

#### Veidiár og vötn:

Nokkrar ár liggja gegnum sveitarfélagið og er mikil veiði í sumum þeirra en minni í öðrum. Mestu veiðiárnar skapa mikil hlunnindi á jörðum sem að þeim liggja og koma miklar tekjur inn í sveitarfélagið með leigu veiðiréttinda. Einnig er mikill fjöldi stöðuvatna á svæðinu og er góð veiði í sumum þeirra.

Vaxandi áhugi er á ýmis konar útivist í tengslum við ár og vötn á svæðinu. Bendir allt til þess að þann áhuga mætti auka ef skipulega væri unnið að því.



### Náttúrufergurð, menning og ferðaþjónusta:

Ferðaþjónusta hefur verið að eflast á síðustu árum og uppbygging aðstöðu verið veruleg. Helstu ferðaþjónustuaðilar sveitarfélagsins hafa ólíkar áherslur, hvað varðar þjónustu og markhópa og er það vel. Sameiginlegt eiga þeir þó það að helsta söluvara þeirra er fegurð náttúru og menningar Borgarfjarðar. Aðeins hefur borið á að umferð ferðamanna valdi skaða á fjölsóttustu ferðamannastöðunum.

Í sveitarfélaginu eru tæplega 2000 frístundahús en skipulögð eru svæði fyrir annan eins fjölda slíkra húsa. Flest eru húsin í Borgarhreppi, Stafholtstungum, Norðurárdal og Hálsasveit, sem og skipulagðar lóðir. Frístundahúsin eru ýmist seld eða leigð út.

Gistiaðstaða af öðru tagi er líka í sveitarfélaginu s.s. hótél, heimagisting, tjaldsvæði o.fl.

Sem dæmi um afþreyingu á svæðinu eru söfn, sýningar, veiði, hestaferðir, golfvellir, sundlaugar, snjósleðaferðir, jeppaferðir, útsýnisflug, gönguferðir o.s.frv. Enginn skortur virðist á hugmyndaflugi, þegar kemur að uppbyggingu ferðaþjónustu. Mörg dæmi um velheppnuð verkefni og ætíð mörg álitleg verkefni í þróun.

Þjónusta sem í boði er í sveitarfélaginu nýtist bæði íbúum og ferðamönnum. Þar má nefna verslanir, pósthús, dýralæknaþjónustu, verkstæði, rútuferðir og kaffihús, svo fátt sé talið.

### Mannauður og menntun:

Að öðrum atvinnugreinum ólöstuðum er óhætt að segja að háskólakennsla og rannsóknir, séu helsti vaxtarbroddur sveitarfélagsins þessi árin. Úr samvinnuskólanum á Bifröst er orðin til öflugur háskóli sem sérhæfir sig í félagsvísindum, Bændaskólinn á Hvanneyri er orðinn að öflugum háskóla í hagnýtum náttúrufræðigreinum og í Reykholti er Snorrastofa, lítil en öflug rannsóknamiðstöð í miðaldafræðum. Fyrir tilstuðlan þessara stofnanna hefur atvinnutækifærum fyrir háskólamenntað fólk fjölgað verulega og þar með menntunarstig íbúa sveitarfélagsins. Háskólamenntað fólk hefur flutt hingað, nemendur í lengst og innfæddir haft tækifæri til að koma aftur heim að loknu námi eða að mennta sig á heimaslóðum.

### Önnur þjónusta:

Litlar verslanir eru á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu en heldur hafa þær átt undir högg að sækja vegna nálægðar við Borgarnes. Rekstraraðilar þeirra hafa breytt áherslum með því að auka veitingasölu og fækkað vörutegundum.

Verktakastarfsemi er all nokkur í sveitarfélaginu, bæði í byggingariðnaði og vinnuvélarekstri. Byggingariðnaðurinn hefur bæði sinnt uppbyggingu á sumarhúsasvæðum og heilsárshúsum. Vinnuvélaverktakar hafa sinnt margvíslegum verkefnum; vegagerð (ekki bara í Borgarbyggð), þjónustu við uppbyggingu á sumarhúsasvæðum og öðru sem til fellur. Verkefni hafa verið bæði innan sveitarfélagsins sem utan. Á undanförunum árum hefur verið allmikill vöxtur í iðnaði og þjónustu í sveitarfélaginu, sá vöxtur hefur að mestu verið bundinn við þéttbýlisstaðina Borgarnes,

Hvanneyri, Bifröst og Reykholt.

## **Framtíðarsýn**

Tryggt verði öflugt og traust atvinnulíf í sveitarfélaginu, sem veiti íbúum og öðrum atvinnu við sem flestra hæfi. Skipulag og reglur vegna atvinnu/atvinnuuppbyggingar mega ekki vera íþyngjandi, en þó þarf að tryggja að öll atvinnuuppbygging hafi samfélagsleg sjónarmið og umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Sérstaklega þarf að vinna að því að launamunur kynjanna heyrir sem fyrst sögunni til.

Sveitarfélagið kappkosti að gera allar aðstæður til atvinnuuppbyggingar sem bestar, en taki ekki beinan þátt í rekstri fyrirtækja, nema rík ástæða sé til, t.d. starfsemi sem við viljum sjá í sveitarfélaginu, ágóðavon veruleg og áhætta lítil. Auðlindir sveitarfélagsins verði nýttar á sjálfbærran hátt og sérstaklega gætt að því að skaða ekki lífríkið.

Orkunotkun sé umhverfisvæn. Íbúar fræddir markvisst um kosti orkusparnaðar og átak gert til að gefa sem flestum bæjum í sveitarfélaginu kost á að tengjast hitaveitu.

Ferðapjónusta verði markvisst byggð upp, með aukinni samvinnu fyrirtækja á því sviði. Lögð verði áhersla á fjölbreytni í þjónustunni, bæði hvað varðar verð og gerð. Menningartengd ferðapjónusta verði eflað sérstaklega og svæðinu verði starfandi ferðamálafulltrúi, sem sinni sameiginlegri markaðsetningu.

Sérstaklega verði hugað að umhverfissjónarmiðum í uppbyggingu landbúnaðar. Nýting lands og þá sérstaklega beitilands verði markvissari en nú er, lífræn ræktun aukin og aðrir bændur haldi efnanotkun í lágmarki. Mikilvægt er að bændur verði ekki lengur neyddir til að flytja dýr landshorna á milli til slátrunar.

Fyrirtæki og stofnanir setji sér umhverfisstefnu, sem miði að betri nýtingu hráefna og minni umhverfisáhrifum starfseminnar.

## **Verkefni**

Konum verði veittur stuðningur við stofnun fyrirtækja. M.a. verði aðili innan sveitarfélagsins sem geti aðstoðað þær við styrkumsóknir o.fl.

Fyrirtæki verði hvött til að taka upp umhverfisstjórnun og vistvæn innkaup.

Unnið verði að jöfnum launum kynjanna.

Sveitarfélagið hafi tiltækar lóðir fyrir iðnað og markaðssetji þær t.d. gagnvart fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu.

Öll fyrirtæki innan sveitarfélagsins verði hvött til að móta sér umhverfisstefnu.

Hvatt verði til lífrænnar ræktunar í sveitarfélaginu.

Hvatt verði til framleiðslu, sölu og markaðsetningar matar úr héraði.

Stutt verði við smáiðnað í sveitarfélaginu, m.a. með því að kynntir verði þeir sjóðir sem til eru sem veita styrki til þessara verkefna. Þetta verði gert til að auka nýtingu jarðhita á svæðinu t.d. til matvælaframleiðslu.

Klasar fyrirtækja verði stofnaðir í sveitarfélaginu; þeir byggist á samvinnu fyrirtækja í samkeppni við önnur svæði, þrátt fyrir innbyrðis samkeppni.

Tryggt verði að umgengni um námur í sveitarfélaginu verði góð og snyrtilega gengið frá þeim námum sem hætt er að nýta.

Gæta vel að lífríki áa og vatna og halda jafnvægi í nýtingu þeirra nytjastofna sem þar lifa.

Komið verði á vöktun á áhrifum uppfyllingar Hvítár vegna Borgarfjarðarbrúar á umhverfið.

Mótuð verði stefna um malarnám í árfarvegum.

Að nýting beitarlands verði í samræmi við staðla gæðastýringar.

Tryggt verði að nýting fiskistofna í ám og vötnum verði sjálfbær. Það verði gert með auknu eftirliti og betra skipulagi á veiðum.

Átak verði gert í að rækta upp fiskistofna í vötnum í sveitarfélaginu og byggja upp þjónustu í tengslum við það.

Kannaðir verði möguleikar á að bjóða upp á siglingar á ám og vötnum í sveitarfélaginu, sem afþreyingu.

Kannaðir verði möguleikar á að auka nýtingu vatna á svæðinu, ýmist með ræktun þeirra, sölu veiðileyfa eða annarri þjónustu tengdri nýtingu þeirra.

Kannaðir verði möguleikar á að nýta heita vatnið á fjölbreyttari hátt, t.d. í tengslum við fjölbreyttari ræktun og í þágu nýrra atvinnugreina.

Hvetja alla landeigendur innan sveitarfélagsins til að útbúa landnýtingaráætlun þannig að Borgarbyggð verði fyrsta sveitarfélag landsins sem byggir aðalskipulag sitt á landnýtingaráætlunum íbúanna.

Skóða frekari nýtingu jarðhita til upphitunar í Kolbeinsstaðahreppi.

Kannaðir verði möguleikar á virkjun sjávarfalla undir Borgarfjarðarbrú.

Hagsmunaaðilar vinni saman að markaðssetningu svæðisins, UKV, All sences.

Haldin verði námskeið í svæðisbundinni leiðsögn og veiðileiðsögn.

Heimasíða sveitarfélagsins verði notuð til að miðla öllu efni um ferðaþjónustuaðila í sveitarfélaginu og fróðleik af upplýsingaskiltum í sveitarfélaginu.

Komið verði á eftirliti með ferðamannastöðum utan alfaraleiðar, til að fylgjast með umgengni, úrgangi o.fl.

Gerð verði rannsókn á hvers konar ferðamenn sækja svæðið heim og hvers konar þjónustu þeir vilja fá á svæðinu. Þetta verði gert til að sjá hvers konar þjónustu vantar helst á svæðið.

Útbúnir verði áningarstaðir víðar um sveitarfélagið þar sem rútur geta stoppað

Útbúnar verði gönguleiðir að merktum sögustöðum og rústum og þær sagnir og upplýsingar sem þeim tengjast gerðar aðgengilegar. Sudda og saga eyðibýlisins verði tengd við skáldsöguna Híbyli vindanna.

Rústir í landi Signýjarstaða verði merktar og útbúin gönguleið að þeim.

Merkingar á markverðum stöðum í sveitarfélaginu verði bættar og samræmdar.

Aðgengi verði bætt að merkum stöðum (t.d. Árhver).

Útgefið verði kort fyrir ferðamenn, þar sem bent er á athygliverða staði.

Vegtengingar inn í sveitarfélagið verði bættar, einkum um Uxahryggi og Kaldadal.

Útbúnir verði fuglaskoðunarstaðir á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu. Merkt verði hvaða fugla er von á að sjá á hverjum stað.

Afurðir úr héraði verði markaðssettar á svæðinu og hvatt til heimasölu afurða á bæjunum (lambakjöt, fiskur, sultur, o.fl.).

Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri verði eflt.

Aðilar innan ferðaþjónustu bænda taki upp *Green Globe 21*.

Þjónusta við hestahópa sem fara um sveitarfélagið, verði bætt. T.d. með því að útbúa gerði, leggja reiðvegi og merkja leiðir. Tryggt verði þó að umgengi hestamanna sé til fyrirmyndar og ekki sé valdið spjöllum með umferð þeirra.

Áfram verði unnið að uppbyggingu minjagarðs í Reykholti.

Kannaðir verði möguleikar á að svæðið gerist aðili að samtökunum *SlowFood* (*hæglætisfæði*).

Boðið se´upp á fjölbreytta ferðaþjónustu, bæði í tegund og verði.

Lögð sé áhersla á menningartengda ferðaþjónustu á svæðinu.

Umhverfisvitund verði aukin í öllum atvinnugreinum.

Á svæðinu verði starfandi ferðamálafulltrúi (sem vinni að sameiginlegri markaðssetningu ferðaþjónustu á svæðinu).

Samvinna verði efld milli ferðaþjónustufyrirtækja.

# Fylgiskjal 1 – Gildandi lög og reglugerðir

## **Sveitarfélagið og grunnþjónusta**

Vatnalög nr. 15/1923 með síðari breytingum. Koma til með að falla úr gildi 1. júlí 2010.  
Vatnalög nr. 20/2006. Taka gildi 1. júlí 2010.  
Lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.  
Reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2008.  
Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingu.  
Reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla nr. 522/1994, með síðari breytingum.  
Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 með síðari breytingu nr. 145/2008.  
Lög um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum.  
Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, með síðari breytingum.  
Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999.  
Reglugerð um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn nr. 405/2004.  
Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, með síðari breytingum.  
Byggingarreglugerð nr. 441/1998, með síðari breytingum.  
Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum.  
Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, með síðari breytingum.  
Upplýsingalög nr. 50/1996 með síðari breytingum.  
Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005.  
Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.  
Lög um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum nr. 53/1995, með síðari breytingu nr. 84/2005.  
Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, með síðari breytingu nr. 74/2005.  
Sveitarstjórnarlög nr. 45/1998, með síðari breytingum.  
Samþykkt um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007.  
Reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999.  
Reglugerð um mengunarvarnareftirlit nr. 786/1999, með síðari breytingum.  
Reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri nr. 804/1999, með síðari breytingu nr. 592/2001.  
Tilskipun ESB um hreinsun skólps frá þéttbýli frá 21. maí 1991.  
Lög um spilliefnagjald nr. 56/1996.  
Reglugerð um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs nr. 609/1996, með síðari breytingum.  
Reglugerð um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum nr. 946/1999.  
Lög um úrvinnslugjald nr. 162/2002, með síðari breytingum.  
Reglugerð um spilliefni nr. 806/1999, með síðari breytingu nr. 169/2002.  
Reglugerð um olíuúrgang nr. 809/1999.  
Samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga nr. 541/2000.  
Reglugerð um meðhöndlun úrgang nr. 737/2003.  
Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, með síðari breytingu nr. 150/2004.  
Lög um eiturefni og hættuleg efni nr. 52/1985 með síðari breytingum.  
Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.  
Lög um upplýsingarétt um umhverfismál nr. 23/2006.

## **Umhverfis- og skipulagsmál**

Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum  
Byggingarreglugerð nr. 441/1998, með síðari breytingum.

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, með síðari breytingum.  
Þjóðminjalög nr. 107/2001.  
Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa 1996.  
Skrá um friðlýstar fornleifar, 1. útgáfa 1990.  
Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 35/1994  
Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, með síðari breytingum.  
Lög um dýravernd nr. 15/1994 með síðari breytingum.  
Lög um bann við jarðraski nr. 123/1940  
Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, með síðari breytingum.  
Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.  
Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, með síðari breytingum.  
Lög um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna nr. 43/1975.  
Lög um landgræðslu nr. 17/1965, með síðari breytingum.  
Lög um skógrækt nr. 3/1955, með síðari breytingum.  
Lög um losun gróðurhúsalofttegunda nr. 65/2007.  
Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004, með síðari breytingum.  
Lög um brunavarnir nr 75/2000, með síðari breytingum.  
Lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi nr. 61/1992, með síðari breytingum.  
Lög um opinber innkaup nr. 84/2007.

## **Samfélagsmál**

Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996, með síðari breytingum.  
Lög um grunnskóla nr. 66/1995, með síðari breytingum.  
Lög um leikskóla nr. 78/1994  
Aðalnámskrár leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla.  
Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, með síðari breytingum.  
Barnalög nr. 76/2003 með síðari breytingum.  
Barnaverndarlög nr. 80/2002, með síðari breytingu nr. 62/2006.  
Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996, með síðari breytingum.  
Lög um grunnskóla nr. 66/1995, með síðari breytingum.  
Lög um leikskóla nr. 78/1994  
Aðalnámskrár leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla.  
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, fullgildur á Íslandi 28.10.1992  
Lög um málefni aldraðra, 125/1999, með síðari breytingum.  
Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga 40/1991, með síðari breytingum.  
Reglur um félagslega heimaþjónustu í Borgarbyggð 12. apríl 2007.

## **Auðlindir og atvinnumál**

Lög um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995  
Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995, með síðari breytingum  
Jarðalög nr. 81/2004, með síðari breytingum.  
Búnaðarlög nr. 70/1998, með síðari breytingum.

## Fylgiskjal 2 – Verkefnalisti

Listi yfir verkefni sem ráðist verður í 2010 skipt niður á sömu kafla og eru í skýrslunni.

### Sveitarfélagið og grunnþjónusta

Nr.	Lýsing	Verklok	Ábyrgð
1.	Nýr sorphirðusamningur	Júlí 2010	Framkvæmdasvið
2.	Fækkun grenndarstöðva úr 55 í 32*	Haust 2010	Framkvæmdasvið
3.	Stefnt að því að reyna að fá fleiri íbúa Hvanneyrar til að nýta sér Moldu	Allt árið	Framkvæmdasvið
4.	Minnka kostnað við sorphirðu skóla og leikskóla Borgarbyggðar í samráði við skólastjórnendur	Allt árið	Framkvæmdasvið
5.	Auka sorpflokkun hjá stofnunum sveitarfélagsins enn frekar.	Allt árið	Framkvæmdasvið
6.	Hvetja stofnanir sveitarfélagsins til vistvænna innkaupa	Allt árið	Framkvæmdasvið
7.	Sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku	Allt árið	Öll svið
8.	Greina ástæður þess að ekki tókst betur til með þá tilraun að vera með strætisvagnaferðir milli Borgarness og Reykjavíkur.	Haust 2010	Fjármála- og stjórnsýslusvið
9.	Skólarnir hvattir til umhverfisstarfs sbr. umhverfisstefna Borgarbyggðar frá 2007.	Allt árið	Framkvæmdasvið
10.			
11.			
12.			
13.			
14.			
15.			
16.			

### Umhverfis- og skipulagsmál

Nr.	Lýsing	Verklok	Ábyrgð
1.	Sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við gerð skipulagsáætlana.	Allt árið	Framkvæmdasvið
2.	Tré og runnar verði grótursett til prýði og skjóls eins þar sem við á og fjárheimildir leyfa.	Sumar 2010	Framkvæmdasvið
3.	Borið verði á nýgróðursett birki við Hraunfossa	Vor 2010	Framkvæmdasvið
4.	Borið verði á gróðursetningu í landi Kárastaða	Vor 2010	Framkvæmdasvið
5.	Gengið verði frá aðalskipulagi Borgarbyggðar	Haust 2010	Framkvæmdasvið
6.	Leitað verði eftir samstarfi veiðifélaga til að eyða mink	20. apríl – 30. júní	Framkvæmdasvið
7.	Unnin skrá yfir vermæt tré og sett á heimasíðu sveitarfélagsins með myndum	Sumar 2010	Framkvæmdasvið
8.	Trjálundurinn bak við dvalarheimilið grisjaður og stígar lagaðir	Haust 2010	Framkvæmdasvið
9.	Bætt aðgengi við Grábrók	Haust 2010	Framkvæmdasvið
10.	Bætt aðgengi við Surtshelli	Haust 2010	Framkvæmdasvið

11.	Vatnslögn lögð um Einkunnir	Vor 2010	Framkvæmdasvið
12.	Hreinsunarfika	Vor 2010	Framkvæmdasvið
13.	Íbúum þéttbýlisstaðanna gert að klippa runna við hús sín þannig að greiðfær sé um gangstéttir, götur og stíga.	Haust 2010	Framkvæmdasvið
14.			
15.			
16.			

## ***Samfélagsmál***

Nr.	Lýsing	Verklok	Ábyrgð
1.	Átak verði gert í að fá unglinga til liðs við félag á svæðinu.	Allt árið	Fjölskyldusvið
2.			
3.			
4.			
5.			
6.			
7.			
8.			
9.			
10.			
11.			
12.			
13.			
14.			
15.			
16.			

## ***Auðlindir og atvinnumál***

Nr.	Lýsing	Verklok	Ábyrgð
1.	Öll fyrirtæki sveitarfélagsins verði hvött til að móta sér umhverfisstefnu.	Haust 2010	Framkvæmdasvið
2.	Hvatt verði til framleiðslu, sölu og markaðssetningar matar úr héraði	Allt árið	Framkvæmdasvið
3.			
4.			
5.			
6.			
7.			
8.			
9.			
10.			
11.			
12.			
13.			
14.			
15.			
16.			